

Reglur fyrir Samræmda vefmælingu® á Íslandi

I. Markmið og leiðir

Markmið Samræmdrar vefmælingar® er að birta hlutlægar upplýsingar um notkunina á tilgreindum vefjum til þess að sýna mikilvægi Internetsins sem miðils og til leiðbeiningar fyrir auglýsendur, stjórnendur og starfsmenn vefjanna, og síðast en ekki síst markaðinn almennt.

Markmiðið næst með því að birta áreiðanlegar upplýsingar um:

1. Fjöldi vikulegra notenda í einkvæmri mælingu.
2. Fjöldi notkunartilvika (fjöldi heimsókna) á viku.
3. Fjöldi söttra vefskjala (fjöldi flettinga) á viku
4. Hlutfall innlendarar notkunnar.

Listinn, sem skráður er undir vörumerkinu “Samræmd vefmæling®”, skal birtur vikulega á Internetinu. Heildartölur vefjanna skulu birtar undir veffangi (léni) vefsins og undir nafni útgefanda. Tölur einstakra vefhluta skulu birtar undir nafni vefhlutans (sjá nánar í V. lið).

Framkvæmdin á Samræmdri vefmælingu® er í höndum Modernus sem er deild í Internet á Íslandi hf. Modernus annast tæknilega útfærslu, þróun og rekstur kerfisins á bak við þjónustuna og annast ennfremur birtingu á lista Samræmdrar vefmælingar.

II. Skilyrði fyrir þátttöku í Samræmdri vefmælingu® á Íslandi.

Öll vefsetur í eigu íslenskra lögaðila og einstaklinga með lögheimili á Íslandi, sem uppfylla lög nr. 30/2002 um rafræn viðskipti, geta tekið þátt í Samræmdri vefmælingu® með því að gangast undir reglur þessar og gera samning þar um við rekstraraðila vefmælingarinnar. Ef deila kemur upp um hæfi vefjar til þátttöku skal úrskurðarvald liggja hjá Viðskiptaráði Íslands. Sérstaklega er bent á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 um útgefendur skuli veita skuli lágmarksupplýsingar um þjónustuveitandann á bak við vefinn, á áberandi og aðgengilegum stað á vefnum. Nauðsynlegt er vefirnir veiti allar eftirfarandi upplýsingar með skýrum hætti á vefnum, eða einstökum vefhlutum:

- i. **Nafn þjónustuveitanda**, ef lögpersóna þá nafn eins og það er skráð í fyrirtækjaskrá, firmaskrá eða annari opinberri skrá.
- ii. **Heimfang** þar sem hann (þjónustuveitandinn) hefur staðfestu. Staðfesta er sá staður sem þjónustan (vefurinn eða vefhlutinn) er starfrækt í raun gegnum fasta atvinnustöð, óháð því hvar vefsíða er vistuð eða netþjónn staðsettur.
- iii. **Kennitölu**.
- iv. **Netfang** (e-mail), símanúmer og faxnúmer, sem gerir mögulegt að hafa samband við forsvarsmenn vefsins með greiðum hætti.
- v. **Virðisaukaskattsnúmer þjónustuveitanda**. Ef það er til
- vi. **Upplýsingar um opinbera skráningu vefsins** (fyrirtækisins) s.s. hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða firmaskrá og hvar hún er vistuð. Ekki er nægilegt að tilgreina skamstöfun á félagsformi.
- vii. **Leyfi og eftirlitsaðila ef starfsemi er háð leyfum**. Sjá nánar í lögnum ef um lögverndaða starfsemi er að ræða. Markmiðið með framangreindum upplýsingum er að gera viðskiptamönnum, t.d. kaupendum auglýsinga og öðrum markaðsaðilum kleift að ná sambandi við þann sem rekur vefinn.